
N O R Ð F I R Ð I N G U R

2. tölublað 1984

8. árgangur.

Árshátíð

Norðfirðingafélagsins verður haldin að Hótel Loftleiðum Víkingasal, laugardaginn 17. marz 1984 kl. 19:30 stundvíslega.

Matseðill: Blómkálssúpa,
logandi lambalæri og
"jarðaberjaís a la
Egill rauði"

Ræðumaður: Jónas Árnason

Skemmtiatriði:

Söngur, glens og gaman: Jónas Árna-
son og Troels Bendtsen slá á léttu
strengi og taka lagið saman.

Happdrætti: margt góðra vinninga.

Dans og vínveitingar.

Miðaverð kr. 750.00

Viðtakandi:

Árshátíð Norðfirðingafélagsins verður haldin laugardaginn 17. marz 1984 að Hótel Loftleiðum, Víkingasal. Hátíðin hefst með borðhaldi kl. 19:30 stundvíslega.

Hátíðargestir okkar að þessu sinni verða hjónin Guðrún Jónsdóttir og Jónas Árnason. Jónas er Norðfirðingum að góðu kunnur frá veru sinni sem kennari við Gagnfræðaskólann á Norðfirði á sjötta áratugnum. Á þessum árum skrifaði Jónas m.a. bækurnar "Veturnóttakýrrur" og "Undir Fönn", þar sem efniviðurinn er norðfirzkrar ættar. Jónas mun flytja hátíðarræðu kvöldsins og ef að líkum lætur, þá mun hann minnast ýmissa skemmtilegra atvika sem gerðust á Norðfirði á þessum árum, bæði innan skóla og utan. Síðan munu þeir félagar Jónas og Troels Bendtsen slá á létta strengi og syngja saman nokkur lög við ljóð Jónasar.

Nokkrir af velunnurum Norðfirðingafélagsins hafa verið svo rausnarlegir að gefa félaginu margt góðra muna, sem dregið verður um í happ-

drætti, sem efnt verður til á árs-
hátíðinni.

Fjöldasöngur verður undir borð-
haldinu eins og venjulega. Að
sjálfsögðu verða sungin ljóð Jónasar
við þetta tækifæri og munu þeir
Jónas og Troels leiða sönginn.
Væntum við þess að veizlugestir
láti sitt ekki eftir liggja og taki
hressilega undir.

Að loknu borðhaldi verður stíginn
dans af miklu fjöri við undirleik
danshljómsveitar Jakobs Jónssonar.
Ef einhverjir sjá sér ekki fært að
mæta fyrr en að loknu borðhaldi,
þá verður seldur sérstakur aðgangur
á ballið og kostar þá miðinn kr.
300.00.

Við viljum hvetja félagaga til þess að
panta miða í tíma hjá:

Jóni Karlss. 41412 Elsu Chr. 36492
Jóni Guðm. 43499 Gígju Guðj. 66283

Miðarnir verða seldir að Hótel Loft-
leiðum fimmtud. 15. marz kl. 17-19
og borð tekin frá á sama tíma.

Hið árlega sólarkaffi félagsins var
haldið að Hótel Sögu, Átthagasal

5. febr. s.l. Þátttaka var nokkuð góð, þrátt fyrir slæmt tíðarfar og erfiða færð. Mættir voru 150 manns í kaffi og pönnukökur. Svavar Lárusson sýndi okkur myndir að heiman, tekur á árunum 1955-60, en á þeim árum starfaði hann sem kennari á Norðfirði. Þarna gaf m.a. að líta myndir af nemendum hans frá þessum árum. Margir viðstaddir gátu séð sjálfa sig á þessum myndum og rifjað upp gamlar minningar. Svavari eru hér með færðar bestu þakkir fyrir þessa ágætu myndasýningu.

MUNIÐ ÁRSHÁTÍÐINA 17. MARZ N.K:

Mætum öll.

Góða skemmtun!

NORÐFIRÐINGUR

Útgefandi: Norðfirðingafélagið
Heiðarlundi 1,
210 Garðabæ.

Ritstjóri: Jón Karlsson.